




Umsögn skipulags

Vegna: Umsóknar um stækkun lóðar vegna Hringhamars 10-14


Staðsetning:



Af kortavefnum



Hluti deiliskipulags lóðarinnar
Hringhamar 10-14



Úr gildandi deiliskipulagi fyrir
Götur, stíga, stofnanal. og veitur

Skipulagsleg staða: Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina sem öðlaðist gildi 29. mars 2023 og skipulag fyrir götur, stíga, stofnanalóðir og veitur sem öðlaðist gildi 16. júní 2023 m.s.br.

Forsaga málsins: Lóðarhafi við Hringhamar 10-14 sækir um lóðarstækkun. Við frágang á götuköntum og gangstéttum kom í ljós mistök í hæðarsetningu byggingarframkvæmda við Hringhamar 10-14. Við hönnun var hæð bílakjallara 50cm hærri en gert var ráð fyrir. Ofan á bílakjallaranum eru bílastæði íbúa og aðkoma að húsunum. Þessi hæðarmunur verður til þess að hæðarafstaða milli bílaplans og götu er 50cm og skapar vandamál við aðkeyrslu.

Umsögn: Leitað hefur verið leiða til að laga þessi mistök og felur sú leið sem talin er ákjósanlegust í sér að þörf er á lóðarstækkun þar sem farið er inn á bæjarland til að taka upp hæðarmuninn. Hæðarmunurinn er leystur með rampa upp á bílastæðaplanið og gróðurbeðum til hliðanna.

Niðurstaða: Lagt er til við bæjarráð að veita lóðarstækkunina þannig að hægt sé að klára frágang milli göturýmis og lóðar. Bent er á að lóðarhafi þarf að láta gera breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.



Bent er á að breyting á deiliskipulagi er gerð á kostnað lóðarhafa. Breytinguna þarf að vinna í samráði við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa og sækja formlega um hana í gegnum „Mínar síður“ á vef bæjarins. Ef til kemur færsla á götugögnum og lögnum vegna breytingarinnar þá fellur sá kostnaður á lóðarhafa.

F.h. skipulagsfulltrúa

Anna Margrét Tómasdóttir

Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs